

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 72

24. árgangur

16.11.2017

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/72/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 035/17/COL frá 9. febrúar 2017 um að veita Noregi undanþágu að því er varðar hreinsistöð fyrir skólp frá þéttbýli í Ladehammenen á þéttbýlisstaðnum Prándheimi og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 725/07/COL	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/72/02		Mál höfðað 21. september 2017 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (mál E-7/17)	6
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/72/03		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8639 – Cariparma/Caricesena, Carim, Carismi) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2017/EES/72/04		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8667 – Deutsche Alternative Asset Management/M&G Alternatives Investment Management/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2017/EES/72/05		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8672 – EasyJet/Certain Air Berlin Assets)	9
2017/EES/72/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8691 – Innogy/European Energy Exchange/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2017/EES/72/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8709 – AXA/Pradera/Targets) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2017/EES/72/08		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8724 – The Carlyle Group/Palmer & Harvey McLane (Holdings)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12

2017/EES/72/09	Upphaf málsmeðferðar (mál M.8444 – ArcelorMittal/Ilva)	13
2017/EES/72/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8514 – Evonik/DSM/JV)	14
2017/EES/72/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8586 – TPC/JSR/UMG/UBE/MR)	14
2017/EES/72/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8621 – Apollo Management/Aegon Ireland)	15
2017/EES/72/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8641 – Jacobs Engineering Group/CH2M HILL Companies)	15
2017/EES/72/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8676 – Hellman&Friedman/Nets)	16
2017/EES/72/15	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	17
2017/EES/72/16	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	18

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/72/01

nr. 035/17/COL

frá 9. febrúar 2017

um að veita Noregi undanþágu að því er varðar hreinsistöð fyrir skólp frá þéttbýli í Ladehammeren á þéttbýlisstaðnum Þrándheimi og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 725/07/COL

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til gerðarinnar sem vísað er til í 13. lið XX. viðauka við EES-samninginn,

Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli („Tilskipun 91/271/EBE“)

með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, einkum 5. mgr. 8. gr.,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 725/07/COL um að veita undanþágu í samræmi við 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/271/EBE að því er varðar hreinsistöð fyrir skólp í Høvringen (skjal nr. 452420),

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 5. mgr. 8. gr. er kveðið á um að í undantekningartilvikum, þegar hægt er að færa sönnur á að þróaðri hreinsunaraðferðir hafi engin umhverfisbætandi áhrif, megi á síður viðkvæmum svæðum hreinsa frárennslis frá þéttbýlisstöðum með meira en 150.000 p.e. samkvæmt hreinsunaraðferðinni sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. gerðarinnar.
- 2) Þegar þannig ber undir eiga EFTA-ríkin að láta Eftirlitsstofnun EFTA í té skjöl sem sýna fram á að frárennslislið fái að minnsta kosti eins þreps hreinsun og að það hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið.
- 3) Noregur hefur auðkennt strandsvæðið frá Lindesnes að norsk-rússnesku landamærunum sem „síður viðkvæmt svæði“ skv. 6. gr. tilskipunar 91/271/EBE.
- 4) Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. desember 2007 með ákvörðun nr. 725/07/COL beiðni frá Noregi skv. 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/271/EBE um að setja fram minni kröfur um hreinsun skólps en sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 91/271/EBE að því er varðar skólphreinsistöðina í Høvringen, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í þeirri ákvörðun.
- 5) Borgarstjórn Þrándheims tók ákvörðun 20. febrúar 2010 fyrir hönd sveitarfélagsins Þrándheims um að sækja um undanþágu á grundvelli 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/271/EBE að því er varðar hreinsistöð fyrir skólp frá þéttbýli í Ladehammeren og um samræmdar kröfur varðandi meðhöndlun fyrir skólphreinsistöðvar í bæði Høvringen og Ladehammeren, skilgreindar sem meðhöndlun þar sem lækkun heildarmagns botnfelldra svifagna í aðveituskólpi er um að minnsta kosti 70%, eða að hámarksgildi heildarmagn svifagna er 60mg/l ásamt því að lífefnafræðileg súrefnisþörf er minnkuð um að minnsta kosti 20%.
- 6) Eftirlitsstofnun EFTA átti fund 9. febrúar 2012 með fulltrúum umhverfisráðuneytisins og sveitarfélagsins Þrándheims. Á fundinum var rætt um skilmála undanþágu fyrir skólphreinsistöðina í Høvringen ásamt beiðni um undanþágu á grundvelli 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/271/EBE að því er varðar frárennslis frá hreinsistöð fyrir skólp frá þéttbýli í Ladehammeren á þéttbýlisstaðnum Þrándheimi í Þrándheimsfjörð.
- 7) Eftirlitsstofnun EFTA sendi Noregi bréf dags. 25. júní 2012 (skjal nr. 638245) þar sem beiðin var um ítarlegri upplýsingar til stuðnings undanþágubeiðnunum tveimur svo unnt væri að fjalla um umsóknirnar.
- 8) Noregur svaraði beiðninni 9. nóvember 2012 (skjal nr. 653035) og lagði fram ýmis skjöl til stuðnings umsókn sinni.

- 9) Noregur lagði fram viðbótarupplýsingar til stuðnings umsókninni að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA 28. janúar 2014 (skjal nr. 697161), 29. janúar 2014 (skjal nr. 697372), 29. október 2014 (skjal nr. 728105), 12. janúar 2015 (skjal nr. 734689), 16. janúar 2015 (skjal nr. 741891), 8. apríl 2016 (skjal nr. 799935) og 9. september 2016 (skjal nr. 818158).
- 10) Kröfur að því er varðar frárennsli skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli sem settar eru fram í tilskipun 91/271/EBE beinast að lífefnafræðilegri súrefnisþörf sem verður til við niðurbrot uppleystra efna og agna lífrænna efna sem koma frá landi eða í gegnum lífræna framleiðslu.
- 11) Geta til þess að leysa upp líffræðilegt magn sem berst er mikil í Þrándheimsfirði, þar sem dýpt og rúmtala vatns og skilvirkra vatnsskipta við hið djúpa hafsvæði utan fjarðarmynnisins tryggir reglulegt magn af súrefnisríkum Atlantshafssjó frá Noregshafi.
- 12) Fráveitukerfinu í Þrándheimi er skipt í tvö skólpsvæði, Høvríngen og Lade, sem samanlagt taka við u.þ.b. 99% af skólpi borgarinnar. Í báðum skólphreinsistöðvunum er tekið mið af straumfræðilegum aðstæðum, en úttak fyrir frárennsli er búið dreifi fyrir útstreymi á dýpi sem fangar útpynnt skólpi fyrir neðan yfirborðslagið og kemur í veg fyrir að ofnæringarferli fari að stað í yfirborðslaginu, sem og á dýpi og í botnfallinu.
- 13) Hreinsað skólpi frá Høvríngen skólphreinsistöðinni er losað vestanmegin í Þrándheimsflóa og hreinsað skólpi frá Ladehammeren skólphreinsistöðinni er losað austanmegin í Þrándheimsflóa.
- 14) Matið sem fór fram af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA sýnir að hönnun röra fyrir skólplösun og sú vöktun sem fór fram leiðir í ljós að hvorki frárennsli frá Høvríngen né Ladehammeren skólphreinsistöðinni virðist ná til né hafa áhrif á lífræna virkni í yfirborðslagi Þrándheimsflóa.
- 15) Enn fremur hafa rannsóknir á vatnsgæðum sýnt að útstreymi hreinsaðs skólps frá bæði Høvríngen og Ladehammeren skólphreinsistöðvunum hafi ekki merkjanleg áhrif á vatnsgæði í Þrándheimsflóa. Engar vísbendingar eru um að ofnæring sé fyrir hendi í vatninu í Þrándheimsflóa og ekki heldur um að hreinsað útstreymi frá hvorugri skólphreinsistöðinni hafi áhrif á dýrarákið í mjúkum botnlögum.
- 16) Tæknilegt mat af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA sýnir enn fremur að niðurstöður rannsókna á botnfalli sem hafa leitt í ljós mengun af völdum þungmálma og lífrænna efna virðast ekki tengjast hreinsuðu útstreymi frá Høvríngen og Ladehammeren skólphreinsistöðvunum.
- 17) Á hinn bóginn inniheldur útstreymi frá skólphreinsistöðvunum þungmálma og lífræna örmengunarvalda sem uppleystir eru í vatninu eða tengdir við agnir í útstreyminu og með efnafræðilegri og/eða líffræðilegri meðhöndlun mætti að vissu marki draga úr losun þungmálma og lífrænna örmengunarvalda.
- 18) Eftirlitsstofnun EFTA telur að í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar Þrándheims frá 20. febrúar 2010 ætti að skilgreina viðeigandi meðhöndlun skólps frá þéttbýli sem meðhöndlun þar sem heildarmagn svifagna í aðveituskólpi er minnkað um að minnsta kosti 70%, eða hámarksgildi heildarmagn svifagna er 60mg/l ásamt því að minnka lífefnafræðilega súrefnisþörf um að minnsta kosti 20%.
- 19) Niðurstaða tæknilega heildarmatsins sem Eftirlitsstofnun EFTA lét vinna er sú að meðhöndlað frárennsli frá bæði Høvríngen og Ladehammeren skólphreinsistöðvunum virtist ekki hafa nein mælanleg umhverfisáhrif. Umhverfislíkön og hermilíkön fyrir áhrif tveggja þrepa hreinsunar hjá báðum skólphreinsistöðvum í samanburði við eins þreps hreinsun hafa ekki sýnt fram á að þróaðri meðhöndlun muni hafa í för með sér áþreifanleg umhverfisbætandi áhrif umfram þetta.
- 20) Í ákvörðun sinni frá 19. desember 2007 um undanþágu á grundvelli 5. gr. 8. gr. fyrir Høvríngen skólphreinsistöðina, var áskilið af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA að efnafræðileg og/eða líffræðileg meðhöndlun í Høvríngen skólphreinsistöðinni myndi að vissu marki draga úr losun þungmálma og lífrænna örmengunarvalda. Eitt skilyrði ákvörðunarinnar var að meðhöndlun skólps frá þéttbýli í skólphreinsistöðinni myndi tryggja að heildarmagn svifagna í aðveituskólpi væri minnkað um að minnsta kosti 80% fyrir losun og að lífefnafræðileg súrefnisþörf ⁽¹⁾ yrði minnkuð um að minnsta kosti 20%.

(¹) BOD 5 við 20°C.

- 21) Eftir greiningu á niðurstöðunum sem fengust að því er varðar Høvríngin skólphreinsistöðina er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að þær nægi ekki til þess að tryggja að skilyrðunum sem undanþáguákvörðunin 2007 felur í sér sé fylgt. Í sjálfu sér er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að skilyrðin fyrir veitingu undanþágu sem sett eru fram í upprunalegri ákvörðun hennar 19. desember 2007 hafi ekki verið uppfyllt. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að afturkalla beri ákvörðunina um undanþágu fyrir Høvríngin skólphreinsistöðina.
- 22) Eftirlitsstofnun EFTA lagði fram drög að þessari ákvörðun fyrir EFTA-nefndina um umhverfismál með bréfi 8. desember 2016, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 91/271, og enn fremur er kveðið á um í ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 3/2012/SC og 4/2012/SC frá 26. október 2012. Í samræmi við málsmeðferðarreglur nefndarinnar töldust drög að ákvörðuninni samþykkt 26. janúar 2017.
- 23) Þeim stjórnarmanni sem fer sérstaklega með umhverfismál hefur verið falið vald⁽¹⁾, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA og á ábyrgð þess, að samþykka ráðstafanirnar, ef drögin að ráðstöfununum sem eru til samþykktar eru, eins og í þessu tilfelli, í samræmi við álit EFTA-nefndar um umhverfismál sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. Beiðni frá Noregi á grundvelli 5. mgr. 8. gr. sem vísað er til í 13. lið XX. viðauka við EES-samninginn (*Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli*) um að heimila Ladehammeren skólphreinsistöðinni á þéttbýlisstaðnum Þrándheimi meðhöndlun á skólpi sem ekki er hreinsað jafn rækilega og mælt er fyrir um í 4. gr. gerðarinnar er samþykkt með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 2. og 7. mgr. hér á eftir.
2. Frárennsli frá hreinsistöð fyrir skólps frá þéttbýli í Ladehammeren á þéttbýlisstaðnum Þrándheimi í Þrándheimsfirði skal hljóta meðhöndlun sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun eigi síðar en 31. desember 2017, áður en losun í viðtaka fráveituvatnsins hefst.
3. Vinna ber áætlun um að draga úr álagi af völdum þungmálma og örmengunarvalda á fráveitukerfið og koma í veg fyrir frekari mengun skólps frá þéttbýli fyrir 30. júní 2017. Í áætluninni, sem lögbært stjórnvald í Noregi mun vakta, skal koma fram skuldbinding um að:
 - Annast eftirlit og vöktun til þess að finna hugsanlegar uppsprettur mengunar og staðbundna mengunarvalda
 - Vinna aðgerðaáætlanir til þess að stöðva uppsprettur mengunar og staðbundna mengunarvalda
 - Grípa til aðgerða gagnvart þeim mengunarvöldum sem finnast og fjarlægja mengunarvalda þar sem þeir falla til,
4. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. desember 2007 (725/07/COL) þar sem fallist er á beiðni Noregs um undanþágu frá 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/271/EBE er hér með afturkölluð.
5. Hið lögbæra norska stjórnvald skal í samræmi við 3. mgr. 15. gr. gerðarinnar vakta og framkvæma allar viðeigandi rannsóknir til þess að sannprófa að losunin hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið.
6. Norskt stjórnvald skulu gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn 31. janúar 2018, þar sem niðurstöður þeirrar vöktunar sem hefur farið fram tímabilið á undan koma fram, í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr. hér að ofan, einkum að því er varðar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir mengun fráveitukerfisins af völdum þungmálma og örmengunarvalda. Einnig skulu koma fram í skýrslunni skýringar á því ef misbrestur verður á því að uppfylla skilyrðin í þessari ákvörðun.
7. Eftirlitsstofnun EFTA ber að endurmeta aðstæður í kjölfar hvers skýrslutímabils sem um getur í 6. mgr. eða þegar breytingar verða, og leggja fram, ef nauðsyn krefur, drög að nýrri ákvörðun fyrir EFTA-nefndina um umhverfismál.
8. Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Ákvörðun nr. 17/94/COL frá 23. september 1994 (skjal nr. 624326).

9. Ákvörðunin tekur gildi þegar Noregi hefur verið tilkynnt um hana.
10. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.
11. Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2017.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Helga Jónsdóttir

Stjórnarmaður

Carsten Zatschler

Deildarstjóri

VIÐAUKI

Kröfur fyrir frárennsli frá hreinsistöð fyrir skólþ frá þéttbýli í Laderhammeren á þéttbýlisstaðnum Þrándheimi

Mælistærð	Kostur 1	Kostur 2	
	Minnkun að lágmarki í hundraðshlutum(*)	Minnkun að lágmarki í hundraðshlutum(*)	Hámarksstyrkur í afrennsli (mg/l)
Lífefnafræðileg súrefnisþörf (BOD 5 við 20 °C) án nitrunar	Á ekki við	20	Á ekki við
Heildarmagn svifagna	70	Á ekki við	60

(*) Minnkun í hlutfalli við styrk ómeðhöndlaðs aðrennslis

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 21. september 2017 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi

2017/EES/72/02

(Mál E-7/17)

Hinn 21. september 2017 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler, Catherine Howdle og Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstödtir, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, 35 Rue Belliard, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn:

1. Lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera ráðstafanir til þess að taka gerðina sem um getur í lið 6f í VIII. kafla II. viðauka EES-samningsins (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða einföld þrýstihylki fram á markaði*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslenskan rétt, eða í síðasta lagi með því að tilkynna ekki Eftirlitsstofnun EFTA um ráðstafanir sem það hefur gert til þess að innleiða gerðina, eins og kveðið er á um í 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkinu sé gert að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi vanefnt að hlíta, eigi síðar en 8. febrúar 2017, rökstuddu álit Eftirlitsstofnunar EFTA frá 8. desember 2016 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði*, sem vísað er til í lið 6f í VIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðin“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og skv. 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að innleiða gerðina innan tilskilins tíma.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2017/EES/72/03

(mál M.8639 – Cariparma/Caricesena, Carim, Carismi)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Crédit Agricole Cariparma S.p.A. („Cariparma“, Ítalíu).
- Cassa di Risparmio di Cesena S.p.A. („Caricesena“, Ítalíu).
- Cassa di Risparmio di Rimini S.p.A. („Carim“, Ítalíu).
- Cassa di Risparmio di San Miniato S.p.A. („Carismi“, Ítalíu).

Crédit Agricole Cariparma S.p.A nær óbeint fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Cassa di Risparmio di Cesena S.p.A., Cassa di Risparmio di Rimini S.p.A. og Cassa di Risparmio di San Miniato S.p.A.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Cariparma: dótturfyrirtæki Crédit Agricole S.A. („Credit Agricole“, Frakklandi), sem er fyrsti bankinn til að selja tryggingar og er einnig eignastýringarfyrirtæki í Evrópu. Crédit Agricole samstæðan er á Ítalíu og býður upp á margvíslega fjármálaþjónustu.
- Caricesena: starfsemi á öllum sviðum sem tengist fjármálalegri milligöngu í lánamiðlun á norðurhluta Ítalíu og í miðhluta landsins.
- Carim: viðskiptabankastarfsemi á Ítalíu, einkum í héruðunum Emilia Romagna, Marche, Umbria og Lazio.
- Carismi: einkum viðskiptabankastarfsemi, aðallega á norðurhluta Ítalíu og í miðhluta landsins, Toskana-héraðinu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB (C 385, 15.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8639 – Cariparma/Caricesena, Carim, Carismi.

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjttíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/72/04****(mál M.8667 – Deutsche Alternative Asset Management/M&G Alternatives Investment Management/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. október 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Infracapital Greenfield Partners I LP („IGP“, Bretlandi), í gegnum umsjónaraðila sinn M&G Alternatives Investment Management Limited („MAGAIM“, Bretlandi), sem er hluti af Prudential Group (Bretlandi).
- Deutsche Alternative Asset Management (Global) Limited („DAAM“, Bretlandi), sem er hluti af Deutsche Bank Group (Þýskalandi).
- Belmont JV (Bretlandi).

MAGAIM og DAAM ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Belmont JV.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MAGAIM: dótturfélag sem óbeint er alfarið í eigu Prudential plc, fjármálaþjónustusamsteypu með höfuðstöðvar í Bretlandi. M&G Investments er fjárfestingarstýringardeild Prudential plc í Evrópu. IGP er fjárfestingarsjóður sem hefur verið settur upp til þess að fjárfesta í innviðaeignum Greenfield víðs vegar í Evrópu.
- DAAM: dótturfyrirtæki Deutsche Bank, sem veitir fjármálaþjónustu um heim allan. DAAM stýrir fjárfestingum og fjárfestingasjóðum.
- Belmont JV: verður sett á laggirnar sem nýtt sameiginlegt félag með fulla starfsemi í þeim tilgangi að annast sérstakar fjárfestingar sem tengjast West Midlands járnbrautarsérleyfinu í Bretlandi, m.a. leiga á járnbrautarvögnum og hugsanlega viðbótarfjárfestingar í tengslum við það.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 381, 11.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8667 – Deutsche Alternative Asset Management/M&G Alternatives Investment Management/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8672 – EasyJet/Certain Air Berlin Assets)**

2017/EES/72/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EasyJet (Bretlandi).
- Certain Air Berlin Assets („tilteknar eignir Air Berlin“, Þýskalandi).

EasyJet nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Air Berlin.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EasyJet: lággjaldaflugfélag sem annast farþegaflutninga í beinu flugi milli tveggja áfangastaða í Evrópu.
- Tilteknar eignir Air Berlin: eignir sem áður voru hluti af starfsemi Air Berlin á Tegel flugvelli í Berlín, að meðtöldum afgreiðslutímum og stæðum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 383, 14.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8672 – EasyJet/Certain Air Berlin Assets

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8691 – Innogy/European Energy Exchange/JV)

2017/EES/72/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Innogy SE („Innogy“, Þýskalandi), sem er undir yfirráðum RWE AG.
- European Energy Exchange AG („EEX“, Þýskalandi), sem er undir yfirráðum Deutsche Börse AG.
- Nýstofnað sameiginlegt fyrirtæki („JV“, Þýskalandi).

Innogy, með beinum hætti og í gegnum dótturfyrirtæki sitt Süwag Vertrieb AG & Co. KG, og EEX munu í sameiningu ná yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir sameiginlegu félagi (JV).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Innogy: Evrópskt orkufyrirtæki með starfsemi sam varðar innviði, framboð raforku og endurnýjanlega orku. RWE samstæðan er virk á sviði framleiðslu, viðskipta með og sölu raforku og gass, auk vatnshitaveitu og fjarhitunar.
- EEX: þróun og rekstur markaðar fyrir orkuvörur og hrávöru.
- JV: mun þróa og starfrækja verðsamanburðar- og milliliðavettvang fyrir þýsk orkufyrirtæki sem annast smásölu í viðskiptum milli fyrirtækja („B2B“).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjórn. ESB (C 388, 17.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8691 – Innogy/European Energy Exchange/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjórn. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/72/07****(mál M.8709 – AXA/Pradera/Targets)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Pan European Value Added Venture S.C.A. („PEVAV“, Lúxemborg), fyrirtæki sem endanlega er undir yfirráðum AXA S.A. („AXA“, Frakklandi).
- Pradera Limited, dótturfyrirtæki alfarið í eigu Pradera Group Limited („Pradera“, Bretlandi).
- Tvær fasteignir í Torino sem eru andlag kaupanna („Targets“, Ítalíu).

AXA og Pradera ná í sameiningu yfirráðum í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi kaupanna (Targets).

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- PEVAV: óskráður sérhæfður fjárfestingarsjóður sem starfar í þeim eina tilgangi að fjárfesta í evrópskum fasteignum og sem þegar á fasteignir/fasteignasöfn. PEVAV er undir yfirráðum AXA samstæðunnar, sem er alþjóðleg samstæða tryggingarfyrirtækja með höfuðstöðvar í París. Fyrirtæki innan AXA starfa á sviði heilsutrygginga og annarra trygginga, auk fjárfestingarstýringar.
- Pradera: eignastýring og fjárfestingar í fasteignum alls staðar í Evrópu. Það er hluti af Pradera samstæðunni sem er sérhæfður sjóður leiðandi á sínu sviði og annast eignastýringu verslunarmiðstöðva og kauptúna í Evrópu og Asíu.
- Andlag kaupanna, Targets: verslunarmiðstöð og aðliggjandi fasteignir sem nýtt er undir vörusýningar og sýningar, hvort tveggja staðsett í Lingotto samstæðunni í Torino.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 386, 16.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8709 – AXA/Pradera/Targets

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2017/EES/72/08****(mál M.8724 – The Carlyle Group/Palmer & Harvey McLane (Holdings))****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. nóvember 2017 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Carlyle Group (Bandaríkjunum).
- Palmer & Harvey McLane (Holdings) Limited (Bretlandi).

Carlyle Group nær yfirráðum að fullu, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í gegnum dótturfyrirtæki sitt Carlyle Strategic Partners IV, L.P., yfir Palmer & Harvey McLane (Holdings) Limited.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Carlyle Group: stýring sérhæfðra fjárfestinga um allan heim.
- Palmer & Harvey McLane (Holdings) Limited: dreifing á ýmsum vörum á borð við tóbak, alkóhól, sælgæti og matvöru til smásöluverslana, þægindaverslana og athafnasvæða eldsneytisstöðva í Bretlandi og rekstur þægindaverslana í Bretlandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjórn. ESB (C 383, 14.11.2017). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8724 – The Carlyle Group/Palmer & Harvey McLane (Holdings)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjórn. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Upphaf málsmeðferðar
(mál M.8444 – ArcelorMittal/Ilva)

2017/EES/72/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. nóvember 2017 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hinn tilkynnti samruni væri samrýmanlegur sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinum tilkynnta samruna og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin hvetur þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta að senda athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hinn fyrirhugaða samruna.

Svo unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 383, 14.11.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8444 – ArcelorMittal/Ilva), og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8514 – Evonik/DSM/JV)

2017/EES/72/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8514. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8586 – TPC/JSR/UMG/UBE/MR)

2017/EES/72/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. nóvember 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8586. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/72/12**
(mál M.8621 – Apollo Management/Aegon Ireland)

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. nóvember 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8621. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/72/13**
(mál M.8641 – Jacobs Engineering Group/CH2M HILL Companies)

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. október 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8641. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/72/14**
(mál M.8676 – Hellman&Friedman/Nets)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. nóvember 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8676. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu

2017/EES/72/15

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Cagliari – Róm Fiumicino (báðar leiðir) Cagliari – Mílanó Linate (báðar leiðir)
Nýr gildistökudagur almannaþjónustukvaða	9. júní 2018
Unnt er að nálgast textann og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannaþjónustukvaðimar með því að hafa samband í gegnum eftirfarandi pósthfang	<p><i>Tilvísunarskjal</i> Stjttð. ESB C 145, 9.5.2017, bls. 4, og EES-viðbætur nr. 30, 18.5.2017, bls. 8. Stjttð. ESB C 220, 8.7.2017, bls. 58, og EES-viðbætur nr. 44, 20.7.2017, bls. 14.</p> <p>Nánari upplýsingar veitir:</p> <p>Ministry of Infrastructure and Transport Directorate-General for Airports and Air Transport Sími +39 0641583681/3683 Netfang: segreteria_dgata@pec.mit.gov.it Vefur: http://www.mit.gov.it</p> <p>Autonomous Region of Sardinia Department of Transport Directorate-General for Transport Service for Maritime and Air Transport and Territorial Continuity Sími +39 0706067331 Bréfsími: +39 0706067309 Vefur: http://www.regione.sardegna.it Netfang: trasporti@pec.regione.sardegna.it trasporti@regione.sardegna.it trasp.osp@regione.sardegna.it</p>

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur
flugþjónustu í Bandalaginu**

2017/EES/72/16

Auglýsing um útbod á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Tarbes – París (Orly)
Samningstími	Frá 1. júní 2018 til 31. maí 2022
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	10. janúar 2018 (kl. 12.00 að staðartíma)
Unnt er að fá afhentan texta útbodsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útbodið og almannaðjónustukvaðirnar, með því að hafa samband við:	Syndicat mixte Pyrenia Bâtiment Pic du Midi Aéroport Tarbes-Lourdes-Pyrénées 65290 Juillan FRANCE Sími +33 562325651 Bréfsími: +33 562329207 Netfang: syndicat.mixte@pyrenia.fr